**312. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 10. september 2024, kl. 16:00.**

**Mætt**: Ingvi Þór Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Elín Frímannsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Irmý R. Þorsteinsdóttir, fulltrúi Grindavíkur og Annas Jón Sigmundsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari), J. Trausti Jónsson og Eydís Martinsdóttir. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

**Dagskrá:**
1. Yfirlit yfir störf HES
2. Starfsleyfi og skráningar
3. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Vogum
4. Ný reglugerð um hollustuhætti
5. Umhverfismál / umgengni á lóðum
6. Önnur mál

Formaður setti fundinn, bauð nýjan fulltrúa Suðurnesjabæjar velkominn og gengið var til dagskrár.

**1. Yfirlit yfir störf HES**
Starfsmenn fóru yfir helstu verkefni sem hafa verið á döfinni frá síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

**2. Starfsleyfi og skráningar**
**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**
- Lagardère travel retail ehf., kt. 610814-0690 til að reka matsölustað (Sbarro) á 1. hæð í Suðurbyggingu Flugstöðvarinnar.
- Tokyo veitingar ehf., kt. 670710-0920 til að reka matsölustað á Aðalgötu 60, 230 Reykjanesbæ.
- Lagardère travel retail ehf., kt. 610814-0690 til að reka matsölustað (Keflavík Diner) á 1. hæð í Suðurbyggingu Flugstöðvarinnar.
- Olala ehf., kt. 430524-2590 til að reka matsölustað, að Hafnargötu 28, 230 Reykjanesbæ.
- Lagardère travel retail ehf., kt. 610814-0690 til að reka matsölustað (Aðalstræti) á 1. hæð í Norðurbyggingu Flugstöðvarinnar.
- Reykjanesbær, kt. 470794-2169 til að reka leikskóladeildir í SA álmu Keilis, Grænásbraut 910, 262 Reykjanesbæ. Starfsleyfi veitt til 31. desember n.k.
-

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**
- TGV slf., kt. 630523-1920 til að reka matsöluvagn að Aðalgötu 62, 230 Reykjanesbæ.
- Blue lagoon skincare ehf., kt. 671296-2819 til að reka söluturn án óvarinna matvæla í 2. hæð í norðurbyggingu Flugstöðvarinnar.
- Bláa Lónið Ísland ehf., kt. 490792-2369 til að framleiða matarsalt, fæðubótarefni úr jarðsjó og te, á Norðurljósavegi 9, 240, Grindavík.
- Bláa Lónið Ísland ehf., kt. 490792-2369 til að reka söluturn án óvarinna matvæla, að þjónustusetri við Reykjanesvita.
- Davíð keypti ölið ehf., kt. 511223-1560 fyrir heildverslun með áfengi, að Iðngörðum 4a, 251 Suðurnesjabæ.

- Lava Sweets Keflavík ehf., kt. 4307240290 til að reka matsöluvagn að Hafnargötu 44, 230 Reykjanesbæ.
- Brons 230 ehf., kt. 570521-2680 var veitt tímabundið starfsleyfi til að vera með sölutjald laugardaginn 7. september í tengslum við Ljósanótt, að Hafnargötu 12, 230 Reykjanesbæ.
- Viking Llama ehf., kt. 520724-0950 var veitt tímabundið starfsleyfi til að reka matsöluvagn í miðbæ Reykjanesbæjar á Ljósanótt, 5.-7. september 2024.
- iFARM Iceland ehf., kt. 520623-2050 til að rækta og pakka jarðarberjum í neytendaumbúðir, að Stakksbraut 1, 251 Suðurnesjabæ.

**Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.**
- Reykjanesbær, kt. 470794-2169 til að reka íþróttahús að Dalsbraut 11, 260 Reykjanesbæ. Leyfi veitt með fyrirvara um niðurstöðu lokaúttektar.

**Umsóknir um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir:**
- Lava Car Rental ehf., kt. 540316-0740 fyrir bón- og bílaþvottastöð og bifreiða- og vélaverkstæði að Flugvöllum 23, 230 Reykjanesbæ.
- Kristján Helgi Hermannsson., kt. 140491-2929 fyrir meindýravörnum, Norðurtún 7, 245 Suðurnesjabæ.
- Garðaúðun Suðurnesja ehf., kt. 480508-0170 fyrir meindýravörnum, Grænalaut 3, 230 Reykjanesbæ.
- Íslenskir Aðalverktakar hf., kt. 660169-2379 fyrir asbesthreinsun í gatnakerfi vegna endurbóta, 240 Grindavík.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að samþykkja skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi.

**Skráningar samþykktar í samræmi við reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir:**
- MT Iceland ehf., kt. 471119-0160, fyrir asbesthreinsun á Lindarbraut 624(Háaleitisskóli), 235 Keflavíkurflugvelli.
- Björgunarsveitin Suðurnes., kt. 690494-2219 fyrir flugeldasýningu á Berginu, 230 Reykjanesbæ 7. september sl.
- Björgunarsveitin Sigurvon., kt. 521078-0309 fyrir flugeldasýningu á höfninni í Sandgerði, 245 Suðurnesjabæ, 31. ágúst sl.
- Sveitarfélagið Vogar., kt. 670269-1649 fyrir flugeldasýningu við Hafnargötu 10, 190 Vogar, 17. ágúst sl.

Nefndin staðfestir ofangreindar samþykktar skráningar án athugasemda. Athygli er vakin á að hægt er sjá staðfestar skráningar á vefsvæðinu starfsemi.is

**Útgefin starfsleyfi skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit:**
- Reykjanesbær, kt: 470794-2169 til að reka millilager jarðefna í Njarðvíkurheiði í samræmi við yfirlitsmynd með umsókn og deiliskipulagi E5.
- Haustak hf., kt. 560699-2209 til að reka heitloftsþurrkun fiskafurða á Vitabraut 3, 233 Reykjanesbæ. Leyfi framlengt um 6 mánuði í kjölfar umsóknar um endurnýjun.
- Grindavíkurbær, kt. 580169-1559 til að reka millilager jarðefna í grjótnámu við Eldvarpahraun. Viðauki við fyrirliggjandi starfsleyfi.

Nefndin staðfestir útgáfu starfsleyfa fyrir ofangreind fyrirtæki án athugasemda.

**3. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Vogum**
Nefndin leggur til að Sveitarfélagið Vogar setji sér samþykkt um meðhöndlun úrgangs í samræmi við framlögð drög og þær tillögur að breytingum sem lagðar eru fram.

**4. Ný reglugerð um hollustuhætti**
Þann 11. júlí sl. undirritaði ráðherra nýja hollustuháttareglugerð, sem birtist í stjórnartíðindum 26. júlí sl. Þann 20. ágúst sl. vakti ráðuneytið athygli heilbrigðiseftirlitssvæða og fleiri á nýju reglugerðinni. Hollustuháttareglugerðin er ein af mikilvægustu reglugerðunum á verksviði heilbrigðiseftirlitsins og ætla má að hún snerti leyfismál meirihluta þeirra fyrirtækja sem heilbrigðiseftirlitið heldur uppi eftirliti með, auk þess sem hún hefur að geyma ýmis ákvæði sem snerta réttindi almennings. Nokkrar grundvallarbreytingar eru í reglugerðinni s.s.:

- Ákvæði um 4 vikna auglýsingaskyldu starfsleyfa,
- stjórnvaldssektir gegn alvarlegri brotum,
- gildissvið útvíkkað til nærumhverfis, forvarna og lýðheilsu,
- ákvæði um hávaða felld út,
- eftirlit með leiksvæðum fjölbýlishúsa tekið upp,
- kynjalaus salerni talin æskileg og margt fleira.

Nefndin telur fulla þörf á að reglugerðin fái betri kynningu meðal hagaðila, almennings og stjórnvalda og skorar á Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að gera sem fyrst bragarbót á því.

**5. Umhverfismál / umgengni á lóðum**
Farið var yfir framvindu þessara mála á liðnu sumri.

**6. Önnur mál**

*Framsal eftirlits með starfsemi í Vatnsskarðsnámu.*
Nefndin veitir heilbrigðiseftirlitinu umboð til að ganga til samninga við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Kópavogs, Seltjarnarness og Mosfellsbæjar um framsal eftirlits. Framsalssamningur skal borinn fram til samþykktar í heilbrigðisnefnd.

Ekkert fleira var rætt undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:25